



Menntamálanefnd Alþingis
hr. Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Þagselning
Sam 024/2001 ÞS/ISÁ

Reykjavík 25 janúar 2001

Alþingi

Erindi nr. Þ 126/1109

komudagur 26.1.2001

Umsögn
um frumvarp til safnalaga

Á fundi stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga 19. janúar sl. var tekið fyrir bréf menntamálanefndar Alþingis, dags. 14. desember 2000, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til safnalaga, 224. mál. heildarlög.

Í frumvarpinu er kveðið á um skipulag lista- og minjasafna í þeim tilgangi að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar og í athugasemdum kemur fram að megintilgangur þess sé að styrkja og einfalda almenna safnastarfsemi.

Í 2. gr. segir að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn minja- og listasafna. Af þessu orðalagi má ráða að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn minjasafna (byggðasafna) og listasafna sveitarfélaga. Það fyrirkomulag gengur þvert á ákvæði sveitarstjórnarlaga og stjórnarskrár um sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga og því verður að breyta. Eðlilegast er að þetta sé orðað með þeim hætti að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn minja- og listasafna í eigu ríkisins.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að safnaráð hafi eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki.

Stjórn sambandsins leggst gegn því að safnaráð hafi eftirlit með öðrum söfnum en þeim sem eru í ríkiseigu.

Í 10. gr. kemur fram að hlutverk safnasjóðs sé að styrkja starfsemi safna sem undir lögin heyra. Þar kemur einnig fram að til að safn eigi rétt á styrkveitingu skuli það m.a. hafa sjálfstæðan fjárhag og starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs.

Nú reka sveitarfélög byggða- og listasöfn með margskonar hætti og hafa sjálf sett sér mismunandi reglur um starfsemi þeirra. Eðlilegast er að sveitarfélögin setji sér sjálf reglur um þá starfsemi sína án þess að til þess þurfi sérstaka staðfestingu safnaráðs og væri sú tilhögun í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnarskrá um sjálfstæði sveitarfélaga. Söfn sem sveitarfélögin eiga gegna þýðingarmiklu menningarhlutverki og eiga því tvímælalaust að hafa sama rétt á styrkjum til starfseminnar úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar eins og önnur söfn. Því eru lagðar til eftirfarandi orðalagsbreytingar á 1. og 2. tölulið greinarinnar:

„1. Safninu skal vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.

2. Safnið skal starfa eftir stofnskrá eða reglum sem hlotið hafa staðfestingu safnaráðs eða sveitarstjórnar.“

Með þessu orðalagi ætti að vera tryggt að söfn í eigu sveitarfélaga ættu rétt á strykjum úr safnasjóði án þess að aðrir en sveitarstjórn staðfesti reglur um starfsemi þeirra.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur að gera þurfi breytingar á frumvarpinu í samræmi við framangreindar athugasemdir og leggst gegn því að það verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllt,


Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri